


## Viðaukar með bókun háskólaráðs vegna útreiknings á tímafjölda að baki námskeiða við HÍ

### Viðauki A: Grunnlíkan „Grunnur, brot og beinar línur“

- Það virðist sem almenn sátt sé um tillögu starfshópsins að sameiginlegri gerð líkans sem kallað hefur verið „Grunnur, brot og beinar línur“
- Líkanið er þannig hugsað að fyrir námskeið sem á annað borð á að kenna sé reiknaður **grunnur (G)** sem inniheldur:
  - Undirbúning, umsjón, námsmatsgerð, námsefnisgerð og fleira sem er sameiginlegt fyrir námskeið
  - Gert er ráð fyrir að þessi grunnur sé háður stærð námskeiðsins í ECTS. Óútkljáð er hvort samband grunns og ECTS eininga eigi að vera línulegt (t.d. tvöfalt hærrí fyrir tvöfalt fleiri einingar) eða hvort einingarnar eiga að veða minna eftir því sem þær eru fleiri
- Hinn hluti líkansins (**L**) er háður fjölda nemenda. Þessi nemendaháði liður myndi innihalda:
  - Umsjón, námsmat og fleira sem tengist fjölda nemenda
  - Gert er ráð fyrir að viðbót fyrir hvern nemenda sé mest fyrst og lækki svo í skrefum. Þ.e. hallatala fyrstu línunnar sé mest og minnki svo í skrefum
- Myndræn framsetning á grunnlíkaninu sést hér að neðan þar sem:
  - $G$  = grunnur – sbr. það sem áður er komið
  - $n_0$  = lágmarksfjöldi nemenda til þess að námskeiðið sé kennt (t.d. 6)
  - $h_1$  = hallatala fyrsta bils, þ.e. fjöldi tíma eykst um  $h_1$  fyrir hvern viðbótarnemenda umfram  $n_0$
  - $n_1$  = er fjöldi nemenda þar sem hallatalan lækkar
  - $h_2$  = hallatala annars bils, þ.e. fjöldi tíma eykst um  $h_2$  fyrir hvern viðbótarnemenda umfram  $n_1$
  - Ath:  $h_2 < h_1$  þar sem gert er ráð fyrir að það muni minna um hvern viðbótarnemenda eftir því sem þeir verða fleiri
  - $n_2$  = er fjöldi nemenda þar sem hallatalan lækkar aftur
  - $h_3$  = hallatala annars bils, þ.e. fjöldi tíma eykst um  $h_3$  fyrir hvern viðbótarnemenda umfram  $n_2$  Ath:  $h_3 < h_2$  þar sem gert er ráð fyrir að það muni minna um hvern viðbótarnemenda eftir því sem þeir verða fleiri t.d. vegna einfaldara námsmats



### Viðauki B: Um aðstoðarkennslu

Aðstoðarkennarastyrkir eru mikilvægir til að létta álagi af kennurum sem hlýst af stórum nemendahópum, treysta gæði kennslu og auka þjónustu við nemendur



- Útdeilingu aðstoðarkennarastyrkja skal samræma eins og hægt er, en jafnframt að gefa fræðasviðum og deildum svigrúm til að nýta á þann hátt sem hentar kennslu við viðkomandi svið sem best
- Lagt er til að á öllum fræðasviðum sé leitast við að öll námskeið sem hafa 70 nemendur eða fleiri hljóti aðstoðarkennarastyrk
- Lagt er til að á öllum fræðasviðum sé styrkurinn jafn hár, þ.e.a.s. að kennari fái til umráða styrkinn auk launatengdra gjalda. Fræðasvið geta bætt við styrkjum við þá sem úthlutað er gegnum deililíkan
- Lagt er til að úthlutun til námskeiða verði sem stöðugust milli ára og að umsýsla/umsóknir kennara verði minnkuð

## Viðauki C: Ráðleggingar til fræðasviða

- Í vinnu starfshópsins hafa komið upp nokkur atriði sem talin er ástæða til að beina til fræðasviða. Þegar fræðasvið fara út í samræmingarvinnu eru þetta atriði sem gott væri að hafa í huga:
  - **FVS:** Sviðið er hvatt til að samræma reiknireglur a.m.k. innan einstakra deilda
  - **HVS:** Sviðið er hvatt til að halda áfram samræmingarvinnu sem hafin er bæði m.t.t. klínískrar kennslu og bóklegra námskeiða
  - **HUG:** Sviðið er hvatt til að gera útreikninga sína línulega háða fjölda nemenda þ.e. eyða þeim tröppugangi sem notaður hefur verið. Sviðið er jafnframt hvatt til að skýra, einfalda og samræma tíma fyrir fjölmenn námskeið
  - **MVS:** Sviðið er hvatt til að endurskoða (lækka) fjölda stunda fyrir fjölmenn námskeið (>100)
  - **VoN:** Sviðið er hvatt til að endurskoða (lækka) grunninn sem notaður er og etv. hallann á fyrsta bilinu